



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að velferðarsvið samþykki að Rótinni (félag um konur, áföll og vímuþjafa) verði falið að reka neyðarskýli fyrir konur (Konukot) að Eskihlíð 2-4 101 Reykjavík til 3j ára með endurskoðunarákvæði eftir eitt ár.

Áætlaður kostnaður á ári nemur 93,6 m.kr. Fjárhæð velferðarsviðs til reksturs úrræðisins er 70,3 m.kr. Óskað er eftir fjárhæð sem nemur 23,3 m.kr. á ársgrundvelli.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 var eftirfarandi samþykkt:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að stofna til viðræðna við Rótina (félag um konur, áföll og vímuþjafa) um rekstur neyðarskýlis.

Kostnaðarauka vegna rekstursins verði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2021.

Framlagður samningur velferðarsviðs við Rótina um rekstur neyðarskýlis ásamt kröfúlýsingu er byggður á fyrri samningi/kröfúlýsingu við Rauða krossinn.

Helstu breytingar lúta að:

Samnings upphæð:

Upphæð samnings er 93,6 m.kr. sem er hækkun um 23,3 m.kr hækkun frá árinu 2020 en ástæður felast í:

- Áætlað er að hækkun launakostnaðar m.a. vegna samningsbundinna kjarasamningshækkana nemi um 15 m.kr. Til samanburðar hækkar samningur Eflingar við Reykjavíkurborg um 23% á árinu 2021.
- Gert er ráð fyrir 5% veikindahlutfalli og er kostnaður metinn um 1,9 m.kr.

- Ekki er tryggt að Rótin geti reitt sig á sjálfbærliðastarf á sama hátt og Rauði Krossinn gerði og verður því að reikna með auknum launakostnaði.
- Gert er ráð fyrir verðbótum í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar eða um 2,4%.

Hugtakanotkun:

- Nafnið **Konukot** er tekið út í samningi/kröfufýsingu en þess í stað er vísað til **neyðarskýlis fyrir konur** til samræmis við orðnotkun um neyðarskýli fyrir karla. Auk þess hefur nafnið Konukot tilvísun í rekstur RK. Mögulegt sé að heiti neyðarskýlisins taki breytingum.
- Í samningi er sett inn nýtt ákvæði um **Force majeure** sem tryggir að samningsaðilar bregðist við ófyrirséðum ytri atvikum sem áhrif geta haft á þjónustuna (m.a. alvarleg veikindi og aftaka veður). RK hefur rýmkað opnunartíma Konukots þegar slíkt hefur komið upp en rétt þykir að festa slíkt í samningi.
- Í stað hugtaksins **gesta** í samningi er hugtakið **konur** notað.
- Í kröfufýsingu er bætt við kröfu um **áfalla- og kynjamiðaða þjónustu** og að þjónustan í neyðarskýlinu sé veitt **til kvenna af konum**.

Fylgiskjal:

Drög að samningi

Drög að Kröfufýsingu

Jafnréttisskimun